

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 103/2025

2025/EES/46/14

frá 8. maí 2025

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1108 frá 13. mars 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar fyrsta lofthæfi ómannaðra loftfarskerfa sem eru háð vottun og á framseldri reglugerð (ESB) 2019/945 að því er varðar ómönnuð loftfarskerfi og umráðendur ómannaðra loftfarskerfa frá þriðja landi ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1110 frá 10. apríl 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar fyrsta lofthæfi ómannaðra loftfarskerfa sem eru háð vottun og á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947 að því er varðar reglur og verklagsreglur fyrir starfrækslu ómannaðra loftfara ⁽²⁾.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XIII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðir bætast við í lið 66p (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012):

„– **32024 R 1108:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1108 frá 13. mars 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1108, 23.5.2024),

– **32024 R 1110:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1110 frá 10. apríl 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1110, 23.5.2024).“
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66zbb (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/945):

„– **32024 R 1108:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1108 frá 13. mars 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1108, 23.5.2024).“
3. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66zbc (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947):

„– **32024 R 1110:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1110 frá 10. apríl 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1110, 23.5.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/1108 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/1110, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1108, 23.5.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/1108/oj⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1110, 23.5.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1110/oj

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. maí 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.